

f. á. var Kristján dæmdur í 60 daga skilorðsbundið varðhald fyrir brot þetta.

Við ákvörðun refsingar Kristjáns nú ber skv. 60. gr. alm. hegningarlaga einnig að meta sakarefni það, sem nefndur hæstaréttardómur fjallar um. Þykir refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði, og eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærðu verða in solidum dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði Kristján Árnason sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar.

---

Þriðjudaginn 16. janúar 1979.

Nr. 18/1978. **Gunnar Gunnarsson**  
(Hilmar Ingimundarson hrl.)  
gegn  
**Benedikt E. Guðbjartssyni**  
(Grétar Haraldsson hrl.).

Fjárnám.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfétogetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði, uppkveðnum í fógatarétti Reykjavíkur 18. janúar 1975, var ákveðið, að kyrrsetning skyldi fram fara hjá áfrýjanda til tryggingar víxillkröfum, sem stefndi átti á hendur honum. Jafnframt var áfrýjanda gert að greiða stefnda 40.000 krónur í málskostnað í kyrrsetningarmálinu. Lausafé í eigu áfrýjanda var síðan kyrrsett 20. s. m. Staðfestingarmál var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og gekk dómur í því 26. febrúar 1976. Var kyrrsetningin staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda fjárhæð víxlanna, samtals 598.000 krónur, auk vaxta, afsagnar- og stimpilkostnaðar svo og málskostnaðar. Bæjarþingsdómur þessi var birtur fyrir áfrýjanda 11. maí 1976.

Stefndi krafðist fjárnáms í eignum áfrýjanda til tryggingar dómskuldinni og svo hinum úrskurðaða málskostnaði í fógatarétti. Fjárnámið var tekið fyrir í fógatarétti Reykjavíkur 18. október 1976, og var gert fjárnám í lausafé því, sem kyrrsett hafði verið 20. janúar 1975. Ekki voru hinir fjárnumdu munir virtir.

Með bréfi 28. desember 1977 fór stefndi þess á leit, að hinir fjárnumdu munir yrðu teknir úr vörslum áfrýjanda. Var málið tekið fyrir í fógatarétti Reykjavíkur 13. janúar 1978. Áfrýjandi sótti þinghald þetta ásamt nafngreindum hæstaréttarlögmanni. Skýrði lögmaðurinn svo frá, að hinir fjárnumdu munir væru veðsettir og að fjárnám það, sem gert hefði verið, væri í raun árangurslaust. Lögmaður stefnda lét þá færa til bókar, að því væri lýst yfir, að fjárnámið væri árangurslaust. Þess vegna óskaði hann eftir því, að það yrði endurupptekið og þess freistað að gera fjárnám með árangri. Fógæti ákvað þá að verða við þessari kröfu, en fella niður fjárnám það, sem gert var 18. október 1976. Stefndi ritaði því næst nýja fjárnámsbeiðni, og var málið síðan tekið fyrir af nýju. Benti áfrýjandi á fasteign til fjárnáms, og lýsti fógæti fjárnámi í henni.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því, að fjárnámið hafi verið gert samkvæmt bæjarþingsdómi og fógætaúrskurði,

sem ekki hafi verið lögmatúr aðfarargrundvöllur. Dómurinn hafi verið birtur 11. maí 1976, en úrskurðurinn hafi aldrei verið birtur. Þegar hið áfrýjaða fjárnám hófst 13. janúar 1978, hafi verið liðið meira en eitt ár frá því, að aðför gat fram farið samkvæmt bæjarþingsdómnum. Hafi hann því eigi fullnægt skilyrðum 9. gr. laga nr. 19/1887, en um nýtt fjárnám hafi verið að ræða. Úrskurður fógataréttar um málskostnað hafi aldrei verið birtur og sé ekki lögmatúr aðfararheimild samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 19/1887.

Stefndi telur hins vegar, að hér hafi verið um að ræða endurupptöku aðfarar samkvæmt 51. gr. laga nr. 19/1887. Eigi því ákvæði 7. gr. og 9. gr. laganna hér ekki við. Auk þess beri að líta svo á, að gerðarþoli hafi fallið frá aðfarar-fresti.

Telja verður, að fjárnám það, sem gert var 13. janúar 1978 til tryggingar kröfum samkvæmt áðurgreindum bæjarþingsdómi og áfrýjað er í máli þessu, sé framhald fjárnámsins 18. október 1976, en það fór fram vegna upplýsinga áfrýjanda sjálfs um, að hið fyrra fjárnám tryggði eigi kröfur stefnda, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 19/1887. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta hið áfrýjaða fjárnám að þessu leyti.

Að því er varðar málskostnað þann, sem áfrýjanda var gert að greiða stefnda með úrskurði fógeta 18. janúar 1975, þá verður að vísu ekki séð, að sá úrskurður hafi verið sérstaklega birtur áfrýjanda. Samkvæmt fjárnámsbeiðni, sem tekin var fyrir í fógatarétti Reykjavíkur 18. október 1976 krafðist stefndi þó fjárnámsins m. a. til tryggingar málskostnaði þessum. Ekki hreyfði áfrýjandi, sem sjálfur var viðstaddur gerðina, neinum athugasemdum við því, að það fjárnám færi fram. Þegar fjárnámsgerðin var tekin fyrir að nýju 13. janúar 1978, svo sem áður er sagt, hafði áfrýjandi eða lögmaður hans enn engin andmæli uppi um það, að fjárnám mætti ekki gera til tryggingar umræddum málskostnaði. Þegar þetta er virt, þykir áfrýjandi ekki nú geta krafist þess, að fjárnámið verði fellt úr gildi vegna þess, að umræddur fógataréttarúrskurður hafi ekki verið birtur

honum. Verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð því einnig staðfest að því er varðar málskostnað þennan.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 75.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Gunnar Gunnarsson, greiði stefnda, Benedikt E. Guðbjartssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 13. janúar 1978.**

Ár 1978, föstudaginn 13. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laugavegi 32 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgar-fógeta Ólafi Sigurgeirssyni ásamt undirrituðum vottum.

II. Fyrir var tekið málið A-2179/1976: Benedikt E. Guðbjartsson gegn Gunnari Gunnarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 6 gerðarbeiðni.

Nr. 6.

Fylgir með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 598.000, 1.5% mánaðarvöxtum af kr. 98.000 frá 10. apríl 1974 til 15. maí 1974, af kr. 27.300 frá þeim degi til 31. mars 1974, af kr. 44.800 frá þeim degi til 30. júní 1974, af kr. 598.000 frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 2% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 2.150, kr. 2.190 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 149.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 5.000 vegna ritunar fjárnámsbeiðni auk alls kostnaðar við fjárnámið og fyrra fjárnám og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, og einnig er krafist vörslusviptingar á fjárnumdum munum, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur og með honum Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt, en bendir á til fjárnáms eign gerðarþola, Fljótasel 12.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu

mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarpóla, Fljótaseli 12.  
Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar.  
Upplesið, gerðinni lokið.

---

Miðvikudaginn 17. janúar 1979.

Nr. 206/1976. **Ragnar Jónsson og Jóhann Jónsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra**

**f. h. ríkissjóðs og**

**Þingvallanefnd f. h. Alþingis**

(Sigurður Ólason hrl.).

Jörð. Kaupréttur. Erfðaleiga.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 27. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hafa þeir uppi þessar kröfur:

1. Aðalkrafa: Að viðurkenndur verði réttur þeirra til að kaupa áburðarjörð sína Brúsastaði í Þingvallahreppi, eins og jörðin var á þingfestingardegi málsins í héraði, 26. mars 1975, þar með taldar kvaðir og ítök og með þeim skilmálum, sem greinir í byggingarbréfi um jörðina 20. nóvember og 4. desember 1964.
2. Varakrafa: Að stefndu verði með dómi gert að veita þeim erfðaábúð á fyrrgreindri jörð.
3. Verði aðalkrafa eða varakrafa eigi teknar til greina, „verði það staðfest með dómi, að útkljá eigi þennan réttarágreining sem eignarnám skv. ákv. 3. gr. laga nr. 59/1928“.